

REGLUR

um breytingar á reglum nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.

1. gr.

Í stað orðsins „fylgiskjali“ í 9. gr. komi: fylgiskjölum.

2. gr.

Við reglurnar bætist nýtt fylgiskjal, sem verður fylgiskjal II.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Endurskoðendaráði, 18. september 2017.

Áslaug Árnadóttir.

Jóhann Unnsteinsson.

Hildur Árnadóttir.

Pálína Árnadóttir.

Þórður Reynisson.

Fylgiskjal II.

Gátlisti 5.

	Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	
1	Hefur endurskoðunarfyrirtækið eða endurskoðandinn sent tilkynningu til peningabættisskrifstofu um ábyrgðarmann, sbr. 22. gr. laga nr. 64/2006?	
2	Hefur farið fram könnun á áreiðanleika eftirfarandi upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við 5. gr. laga nr. 64/2006?	
2a	Hefur viðskiptamaður sannað á sér deili? Einstaklingar með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja og lögaðilar með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegri opinberri skrá. Þá skulu prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd fyrirtækis sanna á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja.	
2b	Hefur verið aflað fullnægjandi upplýsinga um hver er raunverulegur eigandi viðskiptavinar?	
2c	Hefur verið aflað upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum hjá verðandi viðskiptamanni?	
2d	Ef ástæða er til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns, hefur verið krafist upplýsinga um hver sá þriðji maður er?	
2e	Hafa framangreind gögn verið varðveitt í samræmi við ákvæði laga?	